

Ár 1985, miðvikudaginn 23.janúar, var í málinu nr.11/1984 kveðinn upp af Yfirfasteignamatsnefnd svohljóðandi

Ú R S K U R Ð U R :

Málavextir eru þeir, að með bréfi, dags.30.nóvember 1984, leitaði Ólafur Ragnarsson, hæstarrettaiögmaður, eftir úrskurði Yfirfasteignamatsnefndar í ágreiningsmáli út af greiðslu byggingarleyfisgjalda af flugstöðvarbyggingu á Keflavíkurflugvelli í sveitarsjóð Miðneshrepps. Í bréfinu segir meðal annars:

„Mér hefur verið falið að innheimta nefnda kröfu hjá réttum aðilum, en áður en til innheimtuaðgerða kemur, leita ég hér með úrskurðar yfirfasteignamatsnefndar ríkisins um rétt Miðneshrepps til byggingarleyfisgjalda af umræddri flugstöðvarbyggingu, sbr.VII. kafla l.nr.54/1978, sbr. og ákvæði 3.4. um byggingarleyfi í byggingarreglugerð nr.292/1979.

Í þessu sambandi er sérstök athygli vakin á ákvæði 3.4.2. og ákvæði 3.4.5. í nefndri reglugerð.


Hugsanlegt er að beita megi ákvæðum 3.mgr. 4.gr.1.nr.73/1980, með lögjöfnun, að því er varðar ágreining aðila um gjaldskyldu eða gjaldstofn vegna umræddra krafðra byggingarleyfisgjalda vegna flugstöðvarbyggingar á Keflavíkurflugvelli.

Því ber að líta á bréf þetta bæði sem kröfu um úrskurð og sem umsögn, sbr. ákvæði 2.1.4. í nefndri reglugerð, og er þess óskað að uppkvaðningu úrskurðar verði hraðað sem mest."

Samkvæmt 3.málgrein 4.gr.laga nr.73/1980 um tekjustofna sveitarfélaga á Yfirfasteignamatsnefnd aðeins úrskurðarvald um gjaldskyldu og gjaldstofn fasteignaskatts. Ber því að vísa þessu máli frá nefndinni.

Ú R S K U R Ð A R O R Ð :


Ofangreindu máli er vísað frá Yfirfasteignamatsnefnd.



Gaukur Jörundsson



Pétur Stefánsson



Guðmundur Magnússon